

Þorsteinn Þorsteinsson

Um örnefnaskráningu Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum

Frá árinu 1993 hefur Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum unnið að söfnun og varðveislu örnefna á félagssvæði sínu. Nú er svo komið að greinargóðar, nýlegar örnefnalýsingar hafa verið skráðar fyrir næstum allar jarðir í Borgarfjarðarsýslu ofan Skarðsheiðar, sem og í Hvítársíðu og Þverárhlið. Alls eru 138 jarðir á þessu svæði. Frá upphafi starfsins hefur verið ljóst að vandasamt er að skrá örnefni í rituðu máli þannig að auðvelt sé fyrir lítt kunnuga menn að staðsetja þau með fullri vissu. Leitað hefur verið leiða til að ná fram samstæðri myndrænni lausn á þessum vanda, en hingað til hafa allar tiltækar aðferðir reynst félaginu ofviða vegna kostnaðar.

Nú hafa Landmælingar Íslands búið til gagnagrunnsforrit, sem gerir kleift að skrá örnefni beint inn á upprétta loftmynd, þannig að upplýsingarnar verði öllum aðgengilegar á vefsíðum stofnunarinnar. Landmælingar hafa sýnt verkefni okkar mikinn áhuga og velvild. Nú þegar hafa örnefnaskrár fyrir nokkrar jarðir verið færðar inn í kerfi þeirra með þeim hætti að staðkunnugir menn hafa mætt hjá starfsfólki Landmælinga og leiðbeint við innsláttinn. Því miður eiga margir af heimildamönnum okkar ekki auðvelt með að leggja á sig slíka ferð en útilokað er að setja örnefni rétt inn á myndgrunninn án viðveru staðkunnugra manna.

Því taldi F.A.B. einu færu leiðina vera að ráða starfsmann sem getur annast slíka skráningu fyrir hverja jörð með heimsókn þangað, þannig að unnt sé að skrá nöfnin beint af örnefnaskrá í gagnagrunninn á staðnum. Skrásetningunni þarf að hraða, þar sem mikill hluti heimildamanna er kominn á efri ár og óvíst hve lengi þeirra nýtur við. Því hefur verið ákveðið að ráðast strax í verkefnið. Um leið verður leitast við að afla fjár til þess með öllum tiltækum ráðum.

Fengist hefur mjög fær starfsmaður til verksins, aðstoð og velvild Landmælinga Íslands er tryggð, sem og fullt samstarf við Stofnun Árna Magnússonar – Örnefnasvið. Við teljum brýnt að verkefnið sé unnið hratt og samfellt þannig að samræmi í vinnubrögðum sé tryggt.

Okkur virðist að við núverandi tæknistig sé þetta langbesta leiðin til varðveislu þessa merka menningararfs þannig að hann verði tiltækur og skiljanlegur komandi kynslóðum.

Markmiðið er að auðvelt verði fyrir hvern og einn, sem áhuga hefur, að nálgast myndrænar upplýsingar um örnefni héraðsins með aðstoð veraldarvefsins.

Samantekt:

Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum ræður sérhæfðan starfsmann sem heimsækja mun forsvarsmenn allra jarða á svæðinu, samtals 138 jarðir, í þeim tilgangi að staðsetja örnefni hverrar jarðar og merkja þau inn á upprétta loftmynd í gagnagrunni sem Landmælingar Íslands veita aðgang að.

Með þessu móti fæst næsta örugg staðsetning hvers örnefnis, auk þess sem þau verða aðgengileg öllu áhugafólki á netinu. Áætlaður kostnaður við verkið er nálægt fjórum milljónum króna.

Þeir sem áhuga hafa á að styðja við verkefnið geta haft samband við stjórn félagsins, eða undirritaðann. Formaður stjórnar er Edda Magnúsdóttir á Hóli í Hvítársíðu.

*Fyrir hönd Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum,
Þorsteinn Þorsteinsson.*